





Varðar: Blikastaðavegur 10 – uppskipting lóðar (fsp)

Lögð fram fyrirspurn Landsvirkjunar um skiptingu lóðar að Blikastaðavegi nr. 10. Lóðin muni skiptast upp í tvo hluta, annars vegar þann hluta lóðar sem Landsnet og Veitur nota áfram eftir að framkvæmdum við nýtt tengivirki lýkur og hins vegar sá hluti lóðar sem losnar þegar eldra tengivirki verður tekið úr notkun.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulaginu er Blikastaðavegur 10 á skilgreindu iðnaðarsvæði I1b. Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér, svo sem verksmiðjur, virkjanir, þ. m.t. vatnsfallsvirkjanir, jarðhitavirkjanir, sjávarfallavirkjanir og vindmyllur, tengivirki, veitustöðvar, skólþælu og hreinsistöðvar, endurvinnslustöðvar, brennslustöðvar, förgunarstöðvar, sorpurðunarsvæði, flokkunarmiðstöðvar og birgðastöðvar fyrir mengandi efni. (gr. 6.2.f. í skipulagsreglugerð).

Í sérskilmálum um iðnaðarsvæðið I1b við Korpu segir: „Tengivirki Landsnets. Ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi.“

Deiliskipulag/HverfisSKIPulag

Í gildi er deiliskipulag Stekkjabrekkna, Blikastaðavegur 2-8, samþykkt 1. mars 2006. Lóðin (Blikastaðavegur 10) hefur hýst starfsemi Veita og Landsnets frá 1973 og á lóðinni stendur 605,3 m² bygging samkvæmt fasteignaskrá ásamt spennuvirki. Lóðin er skilgreind aðveitulóð.

Sérskilmálar lóðar (Blikastaðavegur 10) í deiliskipulagi

- Lóðastærð 20.675 m²
- Hámarks byggingarmagn 2.000 m²
- Hámarkshæð tengivirkis 6 m
- Hámarkshæð spennuhúss 12 m
- Nýtingarhlutfall ca. 0,1

HYCELAND vetnisverkefni

Á fundi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, Landsvirkjunar og Linde sem haldinn var 13. desember 2024 kom fram að áætlað er að koma 5 MW rafgreini í rekstur á lóðinni sem verði stækkanlegur síðar í 10 MW. Þá sé fyrirhugað að framleiða a.m.k. 500 tonn af grænu vetni árlega og byggja upp sameiginlega vetnisinnviði til vetnisdreifingar.

Umsögn

Fyrirspurnin varðar skiptingu lóðar að Blikastaðavegi nr. 10 þar sem ráðgert er að lóðin muni skiptast upp í tvo hluta.

Annars vegar þann hluta lóðar sem Landsnet og Veitur nota áfram eftir að framkvæmdum við nýtt tengivirki lýkur og hins vegar sá hluti lóðar sem losnar þegar eldra tengivirki verður tekið úr notkun.

Í upplýsingum sem komu fram á fundi þann 13. desember 2024 er fyrirhugað að skipta starfseminni í þrjá mismunandi hluta á lóðinni, þ.e. í:

- Vetnisframleiðslu
- Þjöppunar og áfyllingu flutningseininga
- Áfyllingarmiðstöð fyrir samgöngur

Gert er ráð fyrir umferð 20-25 flutningabifreiða á degi hverjum að hámarki, þ.e. miðað við 5 MW rafgreini og vegna samlegðar við núverandi starfsemi er rask vegna vegagerðar, tengingar vatns og rafmagns í lágmarki.

Þá hefur verið framkvæmt bráðabirgða áhættumat og er það hluti af matskyldufyrirspurn til Skipulagsstofnunar.

Þar sem hámarks geymslumagn vetnis innan lóðarinnar á hverjum tíma verður undir 5 tonnum fellur verkefnið ekki undir reglugerð nr. 1050/2017 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna. Þó verður tekið tillit til þeirrar reglugerðar við hönnun og útfærslu verkefnisins.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við skiptingu lóðar á grundvelli fyrirliggjandi fyrirspurnar. Fyrirhuguð starfsemi samræmist vel gildandi landnotkun í Aðalskipulagi Reykjavíkur. Hafa ber þó

Í huga að skiptir lóðarhlutar eru háðir samningsatriðum á grundvelli samþykkis lóðarhafa. Sækja þarf um breytingu á deiliskipulagi sem skal vinna í nánú samráði við skipulagsfulltrúa.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.